

Rannsóknir á vatnasvæði Jöklu í júlí 2008

- Áfangaskýrsla -

Jón Kristjánsson fiskifræðingur
Pétur Brynjólfson Flúðum

23. júlí 2008

Inngangur

Fimmtudaginn 8. nóvember 2007 hélt stjórn Veiðifélags Jökulsár fund með þeim Péttri Brynjólfssyni sjórnarmanni stangveiðifélaginu Flúðum á Akureyri og Tuma Tómassyni fiskifræðingi, einnig í Flúðum, um laxrækt og rannsóknir í Jöklu og þverám hennar. Gerð var áætlun um væntanlegar rannsóknir. Flúðir gáfu vilyrði um framlag til verkefnisins.

Rannsóknirnar fóru fram í júlí byrjun 2008. Lífríki í Jöklu og þverám var kannað með tilliti til möguleika vatnasvæðisins til að fósra lax og sjógöngusilung. Leitast var við að meta stærð og gæði einstakra svæða/áa og hvort þær hentuðu til seiðaupveldis. Þá var metin aðstaða til veiða eftir því sem hægt var, svo og þátta er skipta máli í sambandi við fiskför, þ.e. mögulegar gönguhindranir.

Aðferðir

Lífríki Jöklu var kannað með tilliti til gróðurs, smádýra og fiska. Allar stærri hliðarár voru rannsakaðar, allt að Þverá, og farið var með Hallkelu og upp á heiði þar sem heiðarlækir voru skoðaðir. Ekki fóru þó fram neinar rannsóknir ofan Þverár. Lækir voru skoðaðir lauslega og sums staðar var mæld leiðni, en flestir eru þessir lækir litlir og brattir og ekki fallnir til seiðaupveldis. Rafveitt var í Jöklu og nokkrum þverám til að vitneskju um fiskalíf. Rafveiði felst í því að veiða seiði með rafmagni með þar til gerðu tæki og fá þannig mat á fjölda seiða og aldurssamsetningu þeirra á viðkomandi svæði. Helstu niðurstöður eru teknar saman í töflu 1.

Jökla var skoðið m.t.t. veiðistaða og aðkomu, botn kannaður, og gætt var að hindrunum sem gætu truflað fiskför um ána.

Farið var yfir gögn úr fyrri rannsóknum og þau höfð til hliðsjónar (Ingi R. Jónsson og Sigurður Guðjónsson 1997 og Ingi R. Jónsson og Guðni Guðbergsson 1998) við skipulagningu rannsókna.

Niðurstöður og samantekt:

Ekki eru merki um að botngróður og botndýralíf sé farið að myndast í Jöklu eftir að jökulleirinn hvarf úr henni eftir að hún var stífluð. Hvort það gerist er ekki enn vitað því ef yfirfallsvatni verður hleypt í farveginn árlega er hætta á að það kæfi nýmyndaðan gróður sem er undirstaða dýralífs. Tilgangslaust er að setja sumaralín seiði í ána meðan gróður nær sér ekki af stað.

Möguleikar til smáseiðasleppinga á ófiskgeng svæði eru takmarkaðir. Helst má nefna Fossá og Laxá í þessu sambandi en þær eru stuttar og virðast ófrjósamar ef dæma má á vexti þeirra fáu seiða sem veiddust. Aðrar ár hafa litla sem enga möguleika. Kaldá getur ekki fósrað laxaseiði og þverárnar uppi í Jökuldal eru smáar og brattar. Efst í Jökuldal eru líklegar ár en þær eru svo hátt yfir sjó að lax myndi varla þrífast. Það borgar sig engan veginn að sleppa sumarseiðum, en gera má tilraunir á völdum stöðum til að sjá hvort laxaseiði þrífist yfirleitt.

Betra er að beina kröftunum að gönguseiðum og sleppitjörnum, sem þegar hafa sannað gildi sitt Veiðistaðir eru nú þegar í ám við sleppistaði í og neðan við Laxá. Tjarnir ofar í ánni munu leiða í ljós hvort og hve langt Jökla er fiskgeng. Svæðið er það stórt að erfitt getur reynst að finna fiskinn. Langan tíma mun taka að finna veiðistaði og byggja upp þekkingu til veiðiskapar.

Rétt er að gera tilraunir sem stungið er upp á og fylgjast með niðurstöðum, svo og framvindu lífríkis Jöklu.

Niðurstöður

Tafla 1 er samantekt á mælingum og niðurstöðum úr rafveiðum á vatnasvæði Jöklu í júlí 2008. Nokkuð mikið vatn var í þverám og lækjum en það gerir skilyrði til rafveiða erfið.

Mælingar á vatnasvæði Jöklu í júlí 2008				
Á	Staður	Leiðni μ Siemens	Afli Bleikja, Urriði, Lax	Flötur m ²
Jökla	2 staðir	67	0	100
Fossá	Neðan fossa	60	1B 1U 7L	50
Fossá	Svartiskógur		0	40
Laxá	Við Brú	40	2U	100
Hvanná		75	0	40
Staðará		33	0	40
Gilsá		83	1B	50
Hnefla		67	0	50
Þverá		95	0	30
Jökla		67	0	40
Kaldá	Við þjóðveg	13	1U 1L	50
Reykjaá	Við veg	100	Ekki veitt	

Tafla 1. Niðurstöður úr rafveiðum og leiðnimælingum á vatnasvæði Jöklu í júlí 2008.
B = bleikja, U = urriði, L = lax.

Uppeldissvæði í Jöklu og þverám hennar

Svæðið neðan við brú við Selland

Jökulsá

Veitt var á tveimur stöðum með rafmagni og botn skoðaður. Við Surtsstaði og 2 km ofar, samtals um 100 m². Ekkert veiddist, enginn gróður eða dýr fundust á steinum en þeir voru þaktir fínum leir. Botninn var meðal- grófur, steinar 5-15 cm í þvermál. Leiðni var 67 micro Siemens (μS) sem er nokkuð hátt. Hér er ekkert líf og engin skilyrði til seiðauppeldis.

Kaldá

Áin var í miklum ham, jökullituð en fór minnkandi. Rafveitt var í henni við erfiðar aðstæður, mikið vatn, en ekkert fannst. Ekkert fannst á steinum, hvorki slý né dýr. Leiðnin var mjög lág, 13 μS, sem er með því lægsta sem finnst. Afar ólíklegt er að Kaldá geti fósrað laxaseiði. Lax hefur löngum veiðst í Kaldá, en tilgátur eru um að hann sé ekki upprunninn í Kaldá heldur sé hann að bíða þar af sér gruggið og haldi þá í þverár ofar í kerfinu (Fossá og Laxá). Ófrjósemi Kaldár styður þetta.

Fossá

Áin er fiskgeng rúma 200 m upp frá ósnum í Jöklu, þar er ógengur foss, um 300 m neðan við þjóðveg. Fyrir neðan fossinn má ætla að séu 5-6 veiðistaðir.

Uppeldisskilyrði eru góð frá fossi og niður, hálfa leið að fljóti. Ofan við fossinn eru klappir og stórir steinar en mól vantar. Svæðið er illa fallið til seiðauppeldis og sennilega óhæft til hrygningar. Botninn virðist svipaður ofan við þjóðveg og upp fyrir Svartaskóg svo langt sem sjá mátti frá brúnni. Annar ógengur foss er í ánni 800 m ofan við brúna við Svartaskóg, en sú brú er um 1 km ofan við þjóðveggarbrú.

Vera má að síðast kílómetrin upp að fjalli henti til hrygningar og uppeldis og mætti gera tilraunir með að sleppa þar seiðum og hrygningarlaxi í kjölfarið.

Það borgar sig að gera þetta í þessari röð, því "laxalykt" er hvati til draga hrygningarfiskinn upp.

Rafveitt var á tveimur stöðum. Fyrir neðan fossinn var nokkuð af laxaseiðum á 50 m² veiðislóð, aðallega eins árs gömlum. Eitt 2 ára seiði var 6.3 cm og sex eins árs seiði voru um 5 cm að lengd. Þá veiddist ein bleikja 7.8 cm og einn urriði 6.6 cm, ársögmul seiði.

Við brúna yfir í Svartaskóg fundust 2 urriðar 15 cm langir, 3 ára gamlir, en enginn lax. Leiðni var nokkuð góð eða um 60 µS.

Laxá

Mikið vatn var í Laxá og erfitt að rafveiða hana þess vegna. Ekki er vel að marka rafveiðar í miklu vatni því einungis er hægt að veiða með bökkum. Aðeins veiddist eitt laxaseiði 7.5 cm, 3 ára gamalt, á 100 m² svæði. Þetta seiði var horað og illa á sig komið.

Nokkur lax gekk í ána en að sögn minnkaði gengdin eftir að sláturhúsið hætti starfssemi. Það er skiljanlegt í ljósi þess hve áin er næringarlítill. Hæpið er að sleppa í hana sumaröldum seiðum, laxinn á að geta séð um að viðhalda sér sjálfur. Botninn er sléttur og leirkenndur neðan til og því léleg til seiðauppeldis. Leiðni var lág, 30 µS. Sleppitjörn hefur verið komið fyrir í ánni.

Blanda

Sunnan frá rennur Blanda í Jöklu. Stutt og brött lítil spræna, í henni er mýrarrauði og er hún lítt fallin til uppeldis.

Þar með eru upptaldar ár og kvíslar neðan við þjóðveggarbrú. Einungis Fossá og Laxá virðast hafa möguleika til framleiðslu laxaseiða.

Jökuldalur frá þjóðveggarbrú að Gilsá

Hvanná

Fyrsta áin sem nefna má svo á leið upp eftir norðan megin er Hvanná, en margir brattir smálækir eru á þeirri leið. Rafveitt var í Hvanná ofan við sleppitjörnina en ekkert fannst af seiðum. Leiðni var nokkuð góð. Botn var stamur, slýlaus og lítið af fæðudýrum á steinum.

Staðará

Nokkuð vatnsmikil, gróf í botni og gæti þess vegna fósrað seiði en leiðni er lág, 32 µS.

Á leið upp að Gilsá eru margir brattir smálækir og sprænur, ekki fallnar til seiðauppeldis.

Gilsá

Rafveitt var um 50 m² svæði með bakkanum nokkru ofan við ósinn. Eitt bleikjuseiði, 10 cm, árgamalt veiddist. Vottur af smádýralífi á steinum, góð leiðni, 80 μ S. Áin er stutt fiskgeng en það kemur á óvart að ekki skulu finnast í henni fleiri fiskar, etv. gengur bleikjuseiðunum illa vegna þess hve hún er stórgrýtt og straumur mikill. Slík búsvæði henta að öllu jöfnu betur fyrir lax.

Hnefla

Hnefla er stærsta áin sunnan Jöklu. Hún var straumhörð og botninn grófur. Hún er fiskgeng frá Jöklu eitthvað upp eftir. Rafveitt var í henni en ekkert fékkst. Leiðnin nokkuð góð, 67 μ S. Lítið af þörungum á steinum og engin dýr. Áin virðist illa fallin til uppeldis.

Neðar í dalnum falla nokkrar smáár og lækir, sumir fiskgengir upp frá Jöklu aðrir ekki. Þeir hafa lítið gildi sem uppeldissvæði. Í fyrri rannsókn fannst töluvert af bleikjuseiðum í Garðá (I.R.J og S.G 1997).

Ofan Gilsár

Jökla rennur á nokkuð sléttum botni og er ekki um neinar hliðarár að norðan að ræða fyrr en kemur að Þverá. Að sunnan renna í hana og Hölkná og Hrafnkela, auk margra brattrar ófiskgengra lækja. Hvorki í Hölkná né Hrafnkelu voru gerðar mælingar til að kanna uppvaxtarskilyrði enda árnar hátt yfir sjó og óvíst hvort þær geti fósrað lax. Gera má tilraunir með það síðar ef ástæða þykir til í ljósi tilrauna neðar í vatnakerfinu.

Þverá

Áin er fiskgeng um 500 m upp frá Jöklu að ógengum fossi. Þar veiðist stútungs bleikja sem lekur niður úr Þverárvatni. Líklegt að hún gangi niður ána í fæðuleit þegar mý er að klekjast og fari niður fyrir fossinn og hafni jafnvel í Jöklu og þvælist þar um.

Rafveitt var í Þverá en ekkert fékkst. Þó var nokkuð mý en engar lirfur fundust á steinum. leiðnin var góð, um 95 μ S. Bleikjan virðist ekki ná að tímgað þarna af ókunnum orsökum en áin er í 380 m yfir sjó, það gæti verið meðvirkandi ástæða. Vonlítið virðist að sleppa þarna laxaseiðum, en það ber að gera sleppingatilraun til að afla frekari vitneskju. Í rannsókn 1997 veiddust engin seiði í ánni (I.R.J og S.G 1997)

Reykjará

Áin var skoðuð lauslega og leiðni mæld. Botninn var sléttur, gróðurlaus malarbotn þar sem komið var að henni við veginn upp að Kárahnjúkum. Leiðni var 100 en engin dýr fundust á steinum. Í henni veiðast bleikjur af óþekktum uppruna á stöng. Í fyrri rannsókn veiddist ekkert nema hornsíli í ánni (I.R.J og G.G 1998).

Hugsanlegar gönguhindranir fyrir fisk í Jöklu

Alla vega tveir staðir eru í ánni sem gætu hindrað þar fiskför, en það fer eftir vatnsmagni á hverjum tíma hversu erfiðar hindranirnar eru. Einungis reynslan getur skorið úr um hvort fiskur komist upp fyrir þessar hindranir.

1. Neðan við Hróthamrasel

Þarna er berggangur þvert á ána, sem hefur valdið því að hún fer ofan í gjá og undir steinboga sem er yfir ána. Þegar við komum að ánni var unnt að ganga þurrum fótum yfir hana á um 20 m löngum kafla. Þetta er náttúrunnar furðuverk sem sást illa meðan Jökla var óbeisluð. Ekki er unnt að gera sér grein fyrir hvernig þarna er umhorfs undir fyrir fisk, aðeins reynslan mun skera þar úr. Í miklu vatni ætti þó fiskur að geta gengið yfir steinbogann. Sleppitjörn er við Hvanna og mun tíminn leiða í ljós hvort seiðin úr henni skili sér að tjörninni. Engin bleikjuseiði fundust í Hvanná sem gæti bent til þess að sjóbleikja komist ekki alltaf þangað, en talsvert fannst af bleikjuseiðum í Garðá, sem bendir til hins gagnstæða. Mælt er með því að lögð verði net í og við ósa þessara og fleiri áa til að athuga hvort vart verði við sjógengna bleikju, sem þekkist á sínum rauðbleika holdlit. Bleikja komin úr vötnum ofar í kerfinu er líklega með gulleitari holdlit.

2. Milli Hölknár og Hneflu

Áin fellur þarna í þröngu gili og er óvíst hvort fiskur kemst þarna um, en telja verður það fremur líklegt. Sleppitjörn er við Vaðbrekku sem ætti að leiða það í ljós.

Veiðistaðir og veiðimöguleikar

Hliðarár svæðisins, Laxá, Fossá og Kaldá eru þegar komnar í skipulega nýtingu til stangveiða undir stjórn Þrastar Elliðasonar Strengjum. Auk þess fylgir Fögruhlíðará með en þar er nú lax- og bleikjuveiði. Sleppingar gönguseiða úr þar til gerðum tjörnum hafa staðið í 2 ár og eru þegar farnar að skila árangri. Þá hófust sleppingar úr tjörnum við Hvanná og í Hallkelsdal sumarið 2007. Mikilvægar upplýsingar um veiðimöguleika á efri svæðum Jöklu munu fást þegar og ef fiskur úr þessum tveimur tjörnum, við Hvanná og Hallkelu, fer að skila sér. Þá kemur í ljós hvort hann kemst í gegnum þær hindranir sem vitað er um í farveginum. Þar má helst nefna Steinbogann, sem er í gljúfrinu tæpa tvo kílómetra fyrir ofan Þjóðveggar brúna við Brúarás. Komi fram sönnun á að laxfiskar gangi upp á Dal vaknar spurningin um hvar fari saman aðgengileiki veiðimanna að vatnasvæðinu og hentugur botn og straumlag fyrir hrygningu, seiði og fullorðinn fisk. Fari þessi skilyrði saman geta orðið til eftirsótt veiðisvæði.

Farvegur Jöklu frá Hrólfstöðum og Hvanná fram að Hjarðargrund liggur víðast á lausum eyrum og virðist fyrirhafnarsamt að finna þar fisk þótt kominn væri. Sennilega er þetta einnig magurt uppvaxtarsvæði fyrir seiði á flestum aldurstigum, að því gefnu að áin muni geta framleitt laxaseiði yfirleitt.

Frá Gilsá- Skjöldólfsstöðum og niður undir brúna yfir í Hnefilsdal fellur Jökla í gili sem víðast hvar sýnist sæmilega fært veiðimönnum. Botn virðist grófur og gæti haldið gróðri nú þegar álag jökulaurs minnkar. Við fyrstu sýn má sjá marga fallega veiðistaði, nánast eins og tölur á bandi víða í gili en komi fiskurinn þangað er það hann sem velur legustaðina. Þegar og ef göngufiskur nemur Dalinn er ráðlegt að skoða þennan hluta sérstaklega. Velja mætti góð svæði og sleppa nokkrum þúsundum af sumaröldum laxaseiðum á merkt svæði þannig að hægt væri að rafveiða sama svæðið ári seinna og meta afkomuna.

Lax gengur í neðri hluta Jöklu, hindrunarlaust upp að steinboganum. Þetta er víðáttumikið svæði sem enn er í mótun eftir virkjun árinna. Einungis reynslan mun skera úr um hvar til verða veiðistaðir, það kallar á mikla leit sem getur tekið mörg ár því þarna munu alltaf verða tilölulega fáir laxar miðað við víðáttu svæðisins.

Ráðleggingar

Jökla er enn óhæf til seiðauppeldis. Þverárnar bjóða heldur ekki mikla möguleika til framleiðslu laxaseiða en **gera þarf tilraunir á völdum stöðum** til að renna stöðum undir þær fullyrðingar.

Velja skal staði í Fossá ofan við neðstu fossa, bæði á stórgrýtta svæðinu neðan við brúna við Svartaskóg og fyrir neðan fossinn í fjallinu. Setja skal 500 seiði á tvo 100 m kafla á hvorum stað og merkja þá vel svo hægt sé að kanna afkomu seiðanna síðar.

Setja 3-500 seiði á merktan kafla ofan við brú í Þverá.

Til þess að fá vitneskju um hvort laxinn gangi upp ána, teljum við rétt að draga á eða veiða net neðan við sleppitjarnirnar við Hvanná og jafnvel ofar í ánni. **Þetta er mjög áríðandi og þarf að gera strax**, því eftir að áin fer á yfirfall um miðjan ágúst er þetta orðið of seint. Eðlilegt er að halda áfram með gönguseiðaverkefnið, sennilega er það eina leiðin til að halda við laxgengd á svæðinu og afla frekari vitneskju um göngufar og veiðimöguleika.

Tilvitnanir

Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson 1997. **Fiskirannsóknir í Jökulsá á Dal (Brú) og þverám hennar í Jökuldal 1997. VMSTR/97018.**

Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1998. **Fiskirannsóknir á þverám Jökulsár á Dal ofan Brúar 1998. VMSTR/98022.**